

Alþingi
Erindi nr. P 132/2042
komudagur 3.5.2006



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. maí 2006

Tilvísun : 2006040031

Vísað er til bréfs dags. 25. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, 695. mál.

Barnaverndarstofa átti nokkuð samstarf við félagsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti um þá útfærslu á eftirliti með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum sem er að finna í þessu frumvarpi. Barnaverndarstofa fagnar frumvarpinu og er fylgjandi þeim leiðum sem þarna er lýst.

Barnaverndarstofa hefur einungis þá athugasemd að önnur uppröðun málsgreina og örlitlar orðalagsbreytingar í 5. gr. frumvarpsins myndu varpa skýrara ljósi á hlutverk stofunnar og samspil við hlutverk lögreglu. Barnaverndarstofa leyfir sér að leggja til að 5. gr. orðist eftirfarandi:

"Barnaverndarstofa hefur eftirlit með því að ákvæðum laga þessara sé framfylgt. Í því skyni er Barnaverndarstofu heimilt að láta fara fram úttekt á verklagsreglum skv. 1. mgr. 3. gr. og framkvæmd þeirra. Slík úttekt skal vera á kostnað þess ábyrgðaraðila sem í hlut á hverju sinni.

Nú fær Barnaverndarstofa vitneskju eða rökstudda ábendingu um að niðurstaða mats á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks sé í andstöðu við 1. mgr. 2. gr., óásættanleg með hliðsjón af barnaverndarsjónarmiðum skv. 1. mgr. 3. gr. eða mat skv. 2. mgr. 2. gr. hafi ekki farið fram og er henni þá heimilt að mæla fyrir um stöðvun sýningar og dreifingar kvikmyndarinnar eða tölvuleiksins tímabundið í þrjá sólarhringa, með tilkynningu til ábyrgðaraðila. Barnaverndarstofu er heimilt að kveðja til lögreglu til að veita aðstoð við að framfylgja banni við sýningu og dreifingu kvikmyndar eða tölvuleiks.

Á meðan sýningar- og dreifingarbann varir skal fara fram sameiginlegt endurmat ábyrgðaraðila og Barnaverndarstofu á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks. Ef ágreiningur er um niðurstöðu endurmats ræður afstaða fulltrúa Barnaverndarstofu. Sú ákvörðun telst endanleg og verður ekki kærð til æðra stjórnvalds.

Leiði endurmat til þess að sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks skuli takmarkast við eldri áhorfendur en upphaflegt mat kvað á um gildir sýningar- og dreifingarbann skv. 2. mgr. Barnaverndarstofu er heimilt að veita ábyrgðaraðila allt að vikufrest til að innkalla og endurmerkja öll eintök kvikmyndar eða tölvuleiks og hvers konar umbúðir og kynningarefni til samræmis við niðurstöðu endurmatsins.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.



BARNAVERNDARSTOFA

Um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á 2. gr. fer að hætti laga um meðferð opinberra mála. Þegar lögreglu hefur borist kæra fyrir brot gegn 1. eða 2. mgr. 2. gr. laga þessara skal lögregla þegar í stað tilkynna Barnaverndarstofu um málavexti. Barnaverndarstofa leggur sjálfstætt mat á hvort beita beri stöðvunarheimild 2. mgr.

Heimilt er að gera upptæka kvikmynd eða tölvuleik ef sýning, sala eða dreifing hans fer í bága við ákvæði laga þessara. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs."

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir